

Nd.

688. Nefndarálit

[208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 78 29. des. 1967 og l. nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á síðasta þingi flutti fjárhagsnefndin að beiðni fjármálaráðherra frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem var samið af nefnd embættismanna, sem fjármálaráðherra hafði skipað. Frumvarpið náði ekki fram að ganga, enda hafði ekki verið ráð fyrir því gert.

Í framhaldi af þessu skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd alþingismanna allra þingflokka úr fjárhagsnefndum beggja þingdeilda til þess að fylgjast með áframhaldandi störfum embættismannanefndarinnar, til þess að það frv., sem ríkisstjórnin nú hefur flutt, yrði þeim nefndarmönnum vel kunnugt.

Við undirbúning frumvarpsins fjallaði embættismannanefndin um frumvörp þau, sem flutt voru á síðasta þingi um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, og fjárhagsnefnd hefur við skoðun frumvarpsins nú athugað þau frv., sem flutt hafa verið á þessu þingi, og mun gerð grein fyrir þeirri athugun í framsögu.

Fjárhagsnefnd sendi frumvarpið til umsagnar Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Verzlunarráði Íslands svo og Sambandi ísl. samvinnufélaga. Sendu samtökin sameiginlega umsögn, að S.Í.S. undanskildu, sem lýsti sig samþykkt umsögn hinna. Við skoðun frv. hefur nefndin haft umsögn samtakanna mjög til athugunar.

Auk þessa barst nefndinni bréf frá Sambandi ísl. tryggingarfélaganna, og er gert ráð fyrir, að það verði athugað á milli 2. og 3. umræðu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á frv. og fluttar eru á þskj. 673.

Alþingi, 25. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Pálmi Jónsson.

Geir Hallgrímsson.